

FUNDARGERÐ

258. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps

Árið 2020, þriðjudaginn 8. desember, kom fræðslunefnd Mýrdalshrepps saman til fjarfundar kl. 16:00.

Fundinn sátu: Anna Huld Óskarsdóttir formaður, Karl Pálsson, Salóme Þóra Valdimarsdóttir, Beata Rutkowska og Þórey Richardt Úlfarsdóttir sem ritaði fundargerðina í tölvu.

Að auki sátu fundinn: Þorbjörg Gísladóttir sveitastjóri, Sveinn Sigurðsson áheyrnafulltrúi leikskóla og Ólafur Ögmundsson áheyrnafulltrúi skóla.

Formaður setti fundinn kl 16:00 og stjórnaði honum.

Brian R. Haroldsson Tónskólaskjólastjóri kom inn á fundinn.

16:01 Yfirlit frá tónskólastjóra;

Starfsáætlun tónskólans fyrir skólaárið 2020-21 lögð fram til kynningar.

- i) Skólastjóri er spurður út árangursmat nemenda, hvernig það fari fram. Tónskólum er í sjálfsvald sett hvort þeir bjóða uppá stigspróf en allir eiga að taka áfangapróf. Tónskólastjóri upplýsir að hann hafi sett sig í samband við Zbigniew tónlistarkennari á Klaustri um að hann verði prófdómari í vor. Skólastjóri upplýsir að einn nemandi geti mögulega tekið fyrsta stigs próf á saxafón ef fæst kennari og tveir ættu að geta tekið próf á rythmagítar.
- ii) Leiðbeinandi í tónskóla fer í fæðingarorlof frá og með janúar. Verið er að vinna að ráðningu tónlistarkennara í fjarveru hans
- iii) Í máli skólastjóra kemur fram að árangur nemenda sé mældur með tónleikum og vitnisburði. Leiðbeinandinn er að fara í leyfi til vors, auglýst hefur verið eftir starfsmanni í 80% starf, tveir hafa sótt um 20% stöðu, annar á trommur og hinn er sellóleikari sem myndi kenna byrjendum á gítar, bassa eða selló
Ákveðið að auglýsa aftur og reyna til þrautar að fá menntaðan kennara í starfið.
Tónskólastjóri ætlar líka að kanna með sitt tengslanet.

16:30 BRH yfirgefur fundinn.

Dagný Rut Gretarsdóttir skólastjóri leikskólans Mámalands kom inn á fundinn ásamt áheyrnafulltrúa leikskólakennara Edit Ujhelyi komu inn á fundinn.

16:36 Leikskóla ; Yfirlit frá leikskólastjóra:

- i) Fyrirhuguð er stytting vinnuvikunnar. Bundar eru vonir að það hafi þær afleiðingar að verði minni fjarvistir og veikindi starfsmanna.
- ii) Ein nemandi er á biðlista og áætlað að tveir nemendur komi inn í febrúar.



Mýrdalshreppur

- iii) Leikskólastjóri er spurður út í áætlun varðandi heimsendingar. Hún mun verða aðgengileg í nýrri handbók leikskólans sem kemur út í febrúar. Leita skal allra mögulegra leiða áður en gripið er til heimsendinga nemenda, sem er síðasta úrræði sem er í boði.

16:59 DRG og EU yfirlit fundinn.

Elín Einarsdóttir skólastjóri Víkurkóla og Kolbrún Hjörleifsdóttir áheyrnafulltrúi kennara komu inn á fundinn.

16:59 Grunnskóli; Yfirlit frá skólastjóra:

- i) Breytingar á sóttvarnaaðgerðum gera það að verkum að 5.-10. bekkur þarf ekki að bera grímur lengur.
- ii) Litlu jólin verða með breyttu sniði í ár vegna sóttvarnaaðgerða. Foreldar verða því miður ekki boðnir á jólaskefnum skólans.
- iii) Uppbrot er á skóladagskránni í aðdraganda jólanna. Sem dæmi verður útikennsla á Syngjanda, heimsókn í Víkurkirkju og sungið fyrir íbúa Hjallatúns. Skólinn hefur lagt áherslu á samfélagsverkefni í desembermánuði.
- iv) Námsmati er nýlega lokið og sendur verður vitnisburður heim með nemendum.

17:19 EE og KH yfirlit fundinn.

Önnur mál:

- i) Staða endurskoðunnar á Menntastefnu skólanna allra rædd.

Fundi slitið kl. 18:26

Anna Huld Óskarsdóttir

Karl Pálmasson

Salóme Þóra Valdimarsdóttir

Beata Rutkowska



Mýrdalshreppur

Þórey Richardt Úlfarsdóttir

Sveinn Sigurðsson

Ólafur Ögmundsson

